

## Heilbrigði og velferð dýra



Sælar Útbeitin hefur jákvæð áhrif á heilbrigði kúnna.

## Þegar kýrnar dansa

Kýrnar „leika við hvurn sinn fingur“ þegar þær fara út á vorin, jafnvel virðulegar maddömur sletta úr klaufunum. Þessi atburður hefur mikið aðdráttarafli á unga sem aldna og nokkrir kúabændur bjóða því almenningi heim til að njóta stundarinnar. Fallegar kýr á beit eru mikilvægar fyrir ímynd íslenskrar mjólkurframleiðslu, ímynd sem kúabændur vilja standa vörð um.

Rannsóknir sýna ótvírætt fram á mikilvægi útbeitar fyrir nautgripi. Útbeitin hefur jákvæð áhrif á heilbrigði kúnna, marktæk fækkun verður á algengustu sjúkdómstilvikum s.s. doða, súrdoða, júgurbólgu, legbólgu og liðbólgu. Kýrnar fá tækifæri til eðlilegrar félagslegrar hegðunar, árásargirnin minnkar og lægra settar kýr eiga auðveldara með að fordást þær hærra settu. Kýrnar hreyfa sig mun meira, eiga auðveldara með að leggjast og standa upp og hvíldaratferli er ótruflað. Hreyfingin eykur einnig þol og heilbrigði kúnna og er dánartíðni lægri í hjörðum sem eru á beit. Kvígurnar þurfa sömuleiðis að njóta útbeitar. Fyrir utan ávinninginn varðandi líkamlegt heilbrigði lærir ungviðið að hegða sér í hóp þar sem gripirnir eru á mismunandi aldri.

Þetta er mikilvæg þjálfun því þegar fyrstakálfskvígurnar koma inn í kúahjörðina, langt gengnar með eða nýbornar, lenda þær yfirleitt neðst í virðingarstiganum.

Rannsóknir sýna nú sömuleiðis fram á hagkvæmni útbeitar. Sem dæmi framleiða Írar og Nýsjálendingar, ráðandi þjóðir á heimsmarkaði nautakjöts og mjólkurafurða, nánast allt á útbeit. Í fyrrasumar hóf Matvælastofnun átaksverkefnið „Útivist nautgripa“ til að tryggja að ákvæðum reglugerðar um átta vikna útivist nautgripa hið minnsta ár hvert, að graðnautum eldri en sex mánaða undanskildum, sé framfylgt. Héraðsdýralæknar heimsóttu kúabú þar sem grunur lék á um að kýrnar væru ekki settar út, bændur fengu í kjölfarið bréf þar sem þess var krafist að kýrnar fengju að njóta útivistar. Árangur átaksins var mjög góður, flestir bændur brugðust vel við og hleyptu kúnum út. Átakinu verður haldið áfram nú í sumar, skoðað verður sérstaklega hvort kvígurnar fá að fara út. Gerð verður skrifleg krafa um útivist og málunum fylgt eftir þar til úrlausn fæst.

Katrín H. Andrésdóttir, héraðsdýralæknir hjá Matvælastofnun.